



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2026
komudagur 7.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (heildarlög), 560. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Tollstjóri hefur mótttekið erindi frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis dags. 21. apríl 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Eftirfarandi eru athugasemdir Tollstjóra vegna efni þessa frumvarps:

Tollstjóri gerir þá almennu athugasemd við frumvarpið að það hafi að sumu leyti að geyma óskýr og matskennd ákvæði og má sem dæmi nefna 7., 14. og 24. gr. og skapi því réttarfarslega óvissu um túlkun og framkvæmd laganna. Þá er einnig bent á að 12. grein frumvarpsins fjallar um einhverskonar greiðslustöðvun sem hefur þó ekki sömu réttaráhrif og greiðslustöðvun samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, hvað varðar heimildir til að ganga að ábyrgðarmönnum og til skuldajafnaðar. Lagasamræmi er því þannig raskað.

Bent skal á að um skattkröfur og endurgreiðslur námslána gilda að mörgu leyti sömu sjónarmið. Skattar eru lagðir á samkvæmt lögum og hafa sérstakt hlutverk, það er að standa undir samneyslu samfélagsins. Skattar eru lagðir á eftir hlutlægum mælikvörðum sem grundvallast af lagafyrirmælum Alþingis og taka mið af tekjum og skuldabyrði einstaklinga. Þá eru heimildir til að lækka skattstofna einstaklinga vegna sérstakra áfalla svo sem heilsumissis og erfiðra félagslegra aðstæðna sbr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Af framangreindu leiðir að önnur sjónarmið eiga við um eðli skattkrafna en krafna sem eru viðskiptalegs eðlis.

Verði frumvarp þetta að lögum bendir Tollstjóri á að nauðsynlegt sé að rýmka d. lið 2. mgr. 24. gr. þannig að sektir ákveðnar af stjórnvöldum með úrskurði falli undir ákvæðið. Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur heimild skv. 110. gr. tekjuskattslaga til að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með sáttaboði. Fallist aðili ekki á sáttaboð skattrannsóknarstjóra er málinu vísað til yfirskattanefndar sem úrskurðar aðila skattsekt. Óeðlilegt væri að slík sekt félli ekki undir ákvæðið.



TOLLSTJÓRI

Einnig er bent á að í ákvæðum frumvarpsins eru vörsluskattar ekki undanþegnir sem sammingskröfur. Samkvæmt núgildandi ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga gildir sú regla að hafi skuldari bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu, kemur það í veg fyrir heimild til að leita nauðasammings til greiðsluaðlögunar. Sú regla felur í sér að skuldari vörsluskatta á ekki rétt á greiðsluaðlögun nema vörsluskattaskuld sé óveruleg miðað við fjárhag skuldara. Um þetta skilyrði hefur Hæstiréttur fjallað sbr. dóm nr. 721/2009, frá 20. janúar 2010. Hæstiréttur hafnaði því að veita skuldara greiðsluaðlögun þar sem á meðal skulda hans var vangoldinn virðisaukaskattur sem nam 8,3% af heildarskuldum skuldara og taldist það ekki óverulegur hluti. Rétt er að áréttu að það varðar við almenn hegningarlög að standa ekki skil á vörslusköttum (virðisaukaskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda).

Tollstjóri leggur til að farið verði yfir efni frumvarpsins með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst

Snorri Olsen tollstjóri